

## Snjóflóð á Íslandi veturinn 2006–2007

---

Rúnar Óli Karlsson

## Snjóflóð á Íslandi veturinn 2006–2007

---

Rúnar Óli Karlsson og starfsfólk snjóflóðavaktar Veðurstofu Íslands

<b>Skýrsla nr.:</b> VÍ 2009-020	<b>Dags.:</b> Desember 2009	<b>ISSN:</b> 1670-8261	<b>Opin</b> <input checked="" type="checkbox"/> <b>Lokuð</b> <input type="checkbox"/> <b>Skilmálar:</b>
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Snjóflóð á Íslandi veturinn 2006–2007		<b>Upplag:</b> 15	
		<b>Fjöldi síðna:</b> 42	
<b>Höfundar:</b> Rúnar Óli Karlsson og starfsfólk snjóflóðavaktar VÍ		<b>Framkvæmdastjóri sviðs:</b> Theodór Freyr Hervarsson	
		<b>Verkefnisstjóri:</b> Harpa Grímsdóttir	
<b>Gerð skýrslu/verkstig:</b>		<b>Verknúmer:</b> 4351-0-0001	
<b>Unnið fyrir:</b>			
<b>Samvinnuaðilar:</b>			
<b>Útdráttur:</b> Veturinn 2006–2007 einkenndist af óstöðugum snjóalögum, einkum á Vestfjörðum. Í gagnagrunn Veðurstofu Íslands eru skráðar rétt rúmlega 260 færslur eftir veturinn, en flóðin eru töluvert fleiri því stundum eru mörg flóð í sömu skráningunni. Þrisvar sinnum voru íbúðarhús rýmd og í öll skiptin var það í Bolungarvík. Ekkert manntjón varð í þessum flóðum en nokkrum sinnum skall hurð nærri hælum. Snjóflóð ollu töluverðu fjárhagslegu tjóni veturinn 2006–2007.			
<b>Lykilorð:</b> Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóða- aðstæður, snjóflóðasprengingar, snjó- dýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjó- flóðahrinur		<b>Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs:</b> 	
		<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b>	
		<b>Yfirfarið af:</b> SG	



## Efnisyfirlit

Töfluskra	5
1 Inngangur	7
2 Tíðarfarsyfirlit: október – apríl	7
3 Snjódýptarmælingar	8
4 Yfirlit um snjóflóð og vöktun snjóflóðahættu	10
4.1 Helstu snjóflóð vetrarins	11
4.2 Snjóflóðahrinur	15
Heimildir	16
Viðauki. Snjóflóðaannáll vetrarins	17

## Töfluskra

Tafla 1. Viðbúnaðarástand og rýmingar veturinn 2006–2007.	10
---	----



# 1 Inngangur

Veturinn 2006–2007 einkenndist af óstöðugum snjóalögum, einkum á Vestfjörðum. Í gagnagrunn Veðurstofu Íslands eru skráðar um 260 færslur eftir veturinn en flóðin eru töluvert fleiri því stundum eru mörg flóð í sömu skráningunni. Einnig skráði Vegagerðin mörg flóð þennan vetur, en þau eru ekki öll komin í gagnagrunn Veðurstofunnar.

Ekkert manntjón varð í þessum flóðum en nokkrum sinnum skall hurð nærri hælum. Í flestum tilfellum var þá um að ræða vélsleða- eða skiðamenn sem komu flóðunum sjálfir af stað. Í einu flóðanna slasaðist vélsleðamaður alvarlega en aðrir sem lentu í flóðum slösuðust lítið eða ekkert. Veikt lag lifði óvenjulega lengi í snjóþekjunni á norðanverðum Vestfjörðum og svipaður veikleiki hefur líklega einnig verið á Norðurlandi. Við slíkar aðstæður skapast hætta á að þeir sem ferðast um fjalllendi komi af stað flóði.

Snjóflóð ollu nokkru fjárhagslegu tjóni veturinn 2006–2007. Aðallega var um að ræða girðingar og lokanir á vegum. Í einu tilfelli varð umtalsvert tjón á vélsleðum í eigu vélsleðaleigu á Langjökli.

## 2 Tíðarfarsyfirlit: október – apríl

**Októbermánuður** var í hlýrra lagi, frekar sólríkur og lygn víða um land. Úrkoma var víða langt yfir meðallagi en hiti var einnig töluvert yfir meðallagi þannig að snjósöfnun var ekki mjög mikil.

**Nóvembermánuður** var víða um land kaldari en í meðalári og úrkoma var víða vel yfir meðallagi. Illviðri voru tíðari en venja er í nóvember, töluvert tjón varð í fyrsta storminum sem kom í byrjun mánaðarins. Töluverður snjór kom í fjöll, sérstaklega á norðanverðum Vestfjörðum.

**Desembermánuður** var umhleypingasamur og alveg tvískiptur hvað veðurfar varðar. Fyrri hlutann ríktu aðallega norðlægar og austlægar vindáttir. Hiti var þá nærri meðallagi og nokkuð snjóþungt var um landið norðanvert. Síðari hlutinn var hinsvegar mjög hlýr og vindasamur. Úrkoma var þá mikil um landið sunnan- og vestanvert. Úrkoma og leysingar ollu vatnavöxtum víða um land og aurskriður í Eyjafirði ollu tjóni. Tíð hvassviðri ollu einnig tjóni í mánuðinum. Hiti var yfir meðallagi um allt land.

**Janúar** var umhleypingasamur mánuður og snjór meiri suðvestanlands en verið hefur í nokkur ár. Mikið kuldakast gerði dagana 6. til 20. janúar en meðalhiti mánaðarins var samt nærri meðallagi. Snjóalög virðast hafa verið fremur óstöðug um norðanvert landið í janúar.

Í **febrúar** var mjög snjólétt um mikinn hluta landsins og færð með besta móti. Óvenju sólríkt var um sunnan- og vestanvert landið og úrkomudagar fáir. Talið er að upphafið á myndun veikra laga í snjóþekjunni á norðanverðum Vestfjörðum megi rekja til loka janúar þegar hiti náði að skriða rétt upp fyrir frostmark í fjallahæð. Eftir það snjóaði örlítið en síðan tók við um 10 daga tímabil í fyrri hluta febrúarmánaðar með björtu og köldu veðri. Á þeim tíma náðu að myndast lög með köntuðum kristöllum undir ísskeljunum frá því í lok janúar sem áttu eftir að valda vandræðum fram eftir marsmánuði.


Tíðarfar í **mars** var fremur órólegt. Samgöngutruflanir á heiðavegum voru með tíðara móti sökum illviðra en snjór var með minna móti í lágsveitum miðað við árstíma. Snjódýpt jókst víðast hvar til fjalla í fyrri hluta marsmánaðar. Þrálát snjóflóðahætta var norðan til á Vestfjörðum í mars á sama veika laginu, þótt snjór væri ekki mikill að magni til. Nánar er greint frá snjóflóðahrinunni í mars hér á eftir.

Tíðarfar var almennt hagstætt í **apríl** og gengu tvær óvenjulegar hitabylgjur yfir landið. Hitamet féllu mjög víða á einstökum veðurstöðvum og snjór rénaði mikið.

Um miðjan **maí** gerði hret víða um land og voru ríkjandi norðan- og norðaustlægar áttir um töluvert skeið með snjókomu til fjalla. Nokkur snjóflóð eru skráð í seinni hluta maí, þar af fimm af mannavöldum.


### 3 Snjódýptarmælingar

Að neðan eru þrjú snjódýptargröf frá mismunandi landshlutum sem gefa góða mynd af snjósöfnun vetrarins. Um er að ræða lóðrétta snjódýpt sem mæld er á stikum sem komið er fyrir í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Snjór fór víða að safnast í fjöll um miðjan nóvember og bætti töluvert í snjó það sem eftir lifði árs. Snjósöfnun í janúar og byrjun febrúar var víðast hvar fremur lítil og dró jafnvel úr snjódýpt víða. Þegar á leið febrúar og fram í mars jókst snjódýpt umtalsvert þangað til fór að hlána upp úr miðjum mars.




Mynd 1. Snjódýpt í Seljalandshlíð. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.





Mynd 2. Snjódýpt á Siglufirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 3. Snjódýpt á Seyðisfirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.

## 4 Yfirlit um snjóflóð og vöktun snjóflóðahættu

Töluverð vandræði sköpuðust þennan vetur vegna snjóflóða og snjóflóðahættu, sérstaklega á norðanverðum Vestfjörðum. Engin þeirra ollu verulegu tjóni en oft mátti vart tæpara standa.

Krapaflóð gróf 27 vélsleða við jaðar Langjökuls þann 3. nóvember, skemmdi níu þeirra og eyðilagði einn. Enginn var á svæðinu þegar flóðið féll. Þann 16. febrúar féll snjóflóð á endaskúr lyftu í Oddsskarði og skemmdi hann töluvert og 7. mars féll flóð á varnarfleyginn ofan sorpbrennslunnar Funa á Ísafirði og er talið að fleygurinn hafi bjargað mönnum og forðað byggingum frá miklu tjóni. Sama dag féll einnig snjóflóð í norðanverðum Súgandafirði og gekk flóðbylgja á land á um 400 metra kafla hinum megin fjarðarins. Víða féllu snjóflóð á girðingar og þá sérstaklega á Vestfjörðum. Eins féllu flóð víða yfir vegi á Vestfjörðum og Norðurlandi og lokuðu þeim. Fjórum sinnum var sett á viðbúnaðarástand á norðanverðum Vestfjörðum og í þremur tilfellum var gripið til rýmingar húsnæðis, öll skiptin í Bolungarvík. Einnig voru nokkrum sinnum gefnar út viðvaranir vegna snjóflóðahættu fyrir ferðafólk.

Tafla 1. Viðbúnaðarástand og rýmingar veturinn 2006–2007.

Staður	Hvar	Sett	Aflýst	Tegund
Vestfirðir	Norðanverðir	12.3.07 08:55	24.3.07 10:45	Viðbúnaðarástand
Bolungarvík	Reitir A og E	12.3.07 09:05	16.3.07 09:10	Rýming
Bolungarvík	Reitir A og E	20.3.07 11:00	21.3.07 09:00	Rýming
Bolungarvík	Reitir A og E	22.3.07 10:00	23.3.07 09:02	Rýming

Snjóflóð af mannavöldum voru áberandi þennan vetur. Á norðanverðum Vestfjörðum var fylgst vel með þróun veikra laga í snjóþekjunni sem lifðu óvenjulega lengi. Ekki var fylgst eins vel með þróun snjóþekjunnar annars staðar, en líklega hafa verið óvenju langvinnir veikleikar í snjónum víðar um land. Við slíkar aðstæður getur fólk sem ferðast um fjalllendi átt að hætta að koma af stað flóðum þótt veður sé gott og töluverður tími liðinn frá síðustu snjókomu. Einnig er líklegt að ferðamennska til fjalla sé stöðugt að aukast á Íslandi og með því eykst hættan á því að fólk setji af stað flóð. Hér að neðan eru talin upp þekkt flóð af mannavöldum og í kafla 4.1 er fjallað sérstaklega um þau snjóflóð sem merkilegust þóttu.

Þrír menn lentu í snjóflóði þann 7. janúar í hlíðum Þverfellshorns og slösuðust tveir þeirra lítillaga. Vélsleðamaður kom af stað flóði 21. janúar utan við skíðasvæðið í Hlíðarfjalli og slasaðist hann alvarlega. Annar vélsleðamaður kom af stað forvitnilegu flóði ofarlega í Dagverðardal í Skutulsfirði þann 25. febrúar, en tókst að keyra út úr því. Starfsmenn Ratsjárstofnunar í Bolungarvík komu af stað snjóflóði í ferð sinni á snjóbil niður af Bolafjalli 7. mars. Flóðið fór af stað rétt fyrir framan snjóbilinn og beið bílstjórinn á meðan flóðið rann framhjá. Þann 19. mars lenti vélsleðamaður í snjóflóði við Kálfstind norðan Gjábackavegar og slapp lítið skaddaður. Starfsmenn Veðurstofunnar komu af stað flóði 29. mars í Hnífunum í Tungudal er þeir voru við mælingar á eldra flóði. Þann 27. maí losnaði fleki er skíðamenn voru að komast upp á brún skálarinnar fyrir ofan Stromplyftu í Hlíðarfjalli. Enginn grófst í flóðinu. Sama dag komu sjö skíðamenn af stað flóði í brúnunum ofan Hlíðarfjalls og sluppu allir. Sama dag, komu tveir skíðamenn af stað þremur

blautum flóðum í Lónafirði í Jökulfjörðum en náðu að skíða í burtu. Skíðamaður kom af stað blautu flóði þann 31. maí í Gullhólgili á Seljalandsdal og barst á yfirborði þess niður gilið en slapp ómeiddur.

#### 4.1 Helstu snjóflóð vetrarins

Aðfaranótt 3. nóvember 2006 féll krapaflóð í vesturjaðri Langjökuls, um 500 metrum fyrir ofan við skálann Jaka og tók með sér vélsleða og snjótroðara í eigu fyrirtækisins Fjallamanna. Að sögn Herberts Haukssonar hjá Fjallamönnum voru upptök flóðsins um 60 m breið og flóðið jafnbreitt alla leið niður. Ekkert brotstál var sýnilegt á jöklinum. Flóðið stöðvaðist við jökulruðninga í jaðri jökulsins. Þegar komið var á vettvang þann 3. nóvember, voru skurðir eftir vatnsstreymi sýnilegir beggja vegna jökulurðarinnar og greinilegt að flóðið hafði verið mjög blautt. Flóðið hreif með sér 8 tonna snjótroðara, sem var staðsettur ofan á eins metra háum hóli og kastaði honum til. Flóðið gróf einnig 27 vélsleða. Einn þeirra gjöreyðilagðist og 8–10 sleðar skemmdust. Herbert sagðist hafa verið mikið á svæðinu frá því 1988 og aldrei séð neitt svipað þessu. Orsök flóðsins er líklega sú að sleðarnir stóðu ofan á snjóruðningi sem lokaði vatnsrásum ofan á jöklinum. Mikil söfnun á krapa gæti hafa átt sér stað sem síðan skreið fram. Flóðið var ekki mælt af Veðurstofu Íslands.



Myndir 4 og 5. Illa leiknir vélsleðar á Langjökli. Ljós. Tryggingamiðstöðin.

Þann 21. janúar slasaðist vélsleðamaður alvarlega er hann kom af stað um 1 km breiðu flóði norðan Mannshryggs í nágrenni skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli. Vélsleði fórnarlambins var fastur í brekkunni og var maðurinn farinn af sleðanum til að reyna að toga hann af stað þegar flóðið féll. Tólf manna vélsleðahópur var á svæðinu, tíu þeirra voru neðan við brekkuna og átta fótum sínum fjör að launa, en flestir sleðarnir lentu í jaðrinum á tungu flóðsins og grófst að hluta til. Fórnarlambið grófst á um 135 cm dýpi. Hann var með snjóflóðayli, sem og níu af félögum hans. Þeim tókst að finna manninn á um 2–3 mínútum og voru búnir að grafa hann upp eftir um 10 mínútur. Maðurinn var þá ekki með lífsmarki. Hann var með vélsleðahjál og enginn snjór var inni í hjálminum og ekki í munni eða nefi. Félagar mannsins hófu strax lífgunartilraunir og telja að það hafi liðið um tíu mínútur áður en maðurinn fór að anda af sjálfsdáðum. Vélsleði mannsins skemmdist nokkuð. Hann grófst í flóðið en efri hluti glersins á vélsleðanum stóð upp úr þegar flóðið stöðvaðist.

Hópurinn hafði ítrekað reynt að komast upp brekkuna neðan við skarð sem er við nyrðri mörk flóðsins og stuttu áður hafði einn þeirra komið mun minna flóði af stað norðan við

uppkeyrsluleiðina. Uppkeyrsluleiðin hljóp ekki en tungur flóðanna tveggja sameinuðust neðan við hana.



Mynd 6. Flóðin í Mannshrygg 21. janúar 2007. Ljós. Jökull Bergmann.



Mynd 7. Maðurinn fannst á 135 cm dýpi. Ljós. Jökull Bergmann.

### Helstu stærðir

Dagsetning: 21. janúar 2007 kl. 12:30.  
Upptakahæð: 900–1030 m.  
Stöðvunarhæð: 680 m.

Meðalbreidd tungu: 1000 m.  
Stærðarflokkur: 3,5.  
Tegund: Þurrt flekahlaup.

Snjóflóð féll á varnargarðinn við Funa þann 7. mars 2007. Töluvert gaf yfir garðinn og fór lítill hluti flóðsins yfir lyftara sem var við vinnu á planinu milli Funa og varnargarðsins. Engar skemmdir urðu á mannvirkjum en töluverður snjór fór inn í móttöku Funa og sprautaðist þunnt lag af snjó nokkra metra upp eftir veggjum. Að sögn þeirra sem þarna voru á vakt var um kóf að ræða og allur kraftur farinn úr flóðinu. Engar skemmdir urðu á bílum á bílastæði ofan við Funa þótt snjóköfið skylli á þeim. Talið er að varnarfleygurinn hafi bjargað húsi og mönnum frá miklu tjóni. Um sautján flóð féllu á Kirkjubólshlíðinni um þetta leyti.





*Mynd 8. Flóðið ofan Funa auk tveggja annarra flóða sem féllu sama dag.*



*Mynd 9. Snjór sprautaðist inn í móttökuna. Myndir: Snjóflóðavakt VÍ.*


### **Helstu stærðir**

Dagsetning: 7. mars 2007 kl. 08:20.  
Upptakahæð: 690 m.  
Stöðvunarhæð: 2 m.

Stærðarflokkur: 4.  
Breidd tungu: 90 m.

Stórt snjóflóð féll úr Hraungili í Hnífsdal þann 20. mars 2007 og bar flóðið öll einkenni vots flóðs. Það var mjög þykkt og mikið á köflum og inn á milli voru rásir í flóðtungunni

og háir, sléttir veggir. Sennilega hefur flóðið þó farið af stað sem þurrt flekahlaup en tekið með sér votan snjó. Flóðið stöðvast um 90 metrum ofan við bæinn Hraun. Brotstálið náði yfir alla skálina sem er sjaldgæft í snjóflóðum úr Hraungili. Flóðsnjórinn hvarf ekki endanlega fyrr en um mánaðarmótin júní/júlí.



Mynd 10. Útlína af flóðinu ofan Hrauns.



Mynd 11. Flóðið hlóðst upp í stórar öldur. Ljós. Snjóflóðavakt VÍ.

### Helstu stærðir


Dagsetning: 20. mars 2007 kl. 19:05.  
 Stöðvunarhæð: 42 m.  
 Tegund: Vott flekahlaup.  
 Stærðarflokkur: 4,5.

Upptakahæð: 580 m.  
 Breidd tungu: 170 m.  
 Mesta þykkt: 7,5 m.

## 4.2 Snjóflóðahrinur

Fremur óvenjuleg snjóflóðahrina gekk yfir norðanverða Vestfirði í febrúar og mars árið 2007. Segja má að hrinan hafi varað frá 16. febrúar til 29. mars. Megin orsök hrinunnar var veikt lag í snjónum sem var viðvarandi í langan tíma en snjósöfnun var ekki mikil á tímabilinu. Við þessar aðstæður þurfti lítið að snjóa til að náttúruleg flóð færu af stað og einnig voru skráð nokkur flóð af mannavöldum. Auðvelt reyndist að setja af stað flóð með sprengingum (Harpa Grímsdóttir, Helgi Mar Friðriksson og Jóhann Hannibalsson, 2008). Engin slys urðu á fólki og ekki varð stórvægilegt eignatjón.

Nokkur þunn íslög með veikum, köntuðum lögum á milli sáust í gryfju þann 9. febrúar og eru þau talin hafa myndast um mánaðarmótin janúar–febrúar. Tímabilið frá 4. –14. febrúar einkenndist af kulda, litlum vindi og lítilli úrkomu og því líklegt að hár hitastigull hafi haldist í snjónum sem er forsenda köntunar kristalla. Veika lagið var mjög útbreitt, bæði í viðmóti og hæð.



Mynd 12. Snjógryfja frá Kistufelli 9. febrúar NV við skíðasvæðið á Ísafirði.

Fyrstu snjóflóð tóku að falla þann 19. febrúar og þann 26. febrúar kom vélsleði af stað snjóflóði í Fellshálsi við Skutulsfjörð. Starfsmenn Snjóflóðaseturs tóku brotstálsgrýfju í flóðinu sem sýndi að flóðið féll að öllum líkindum á fyrrgreindum veikleika. Flekinn var orðinn mjög stífur og í flóðinu voru stórir, harðir kögglar.

Snjóflóð héldu áfram að falla mestallan mars og voru teknar brotstálsgrýfjur þar sem færi gafst, og gáfu þær allar svipaðar niðurstöður. Ekki þurfti mikla ofankomu eða skafrenning til að koma flóðunum af stað en frá 9. mars snjóaði öðru hverju og féllu þá flóð mjög víða í kringum Bolungarvík og Ísafjarðarbæ.

Hús voru rýmd í Bolungarvík í þrjú skipti í kringum miðjan mars. Óvenjulegt var að oft á tíðum var veður með skaplegasta móti meðan á rýmingum stóð en snjóflóð að falla bæði í Syðridal og Tungudal við Bolungarvík. Þar sem flóð féllu í opnum hlíðum urðu þau gjarnan mjög breið vegna þess að samloðun í flekanum var mjög mikil. Í skálum og hvilftum var algengt að brotstál mynduðust meðfram brúnum allan hringinn.

Á norðanverðum Tröllaskaga féllu a.m.k. 24 flekahlaup dagana 6.–11. mars. Þau sáu flest að morgni 10. mars og féllu líklega flest undangenginn sólarhring. Dagana 5.–9. mars hafði verið NA-átt með slyddu og rigningu á láglendi en snjósöfnun til fjalla. NV- og V-átt var 9. mars með nokkurri úrkomu en morguninn eftir lægði vind og birti til. Á Skarðsdal í Siglufirði sást afar veikt lag inn á milli íslaga í gryfju 10. mars sem líklega hefur verið nokkuð útbreitt.

## Heimildir

Snjóflóðagagnagrunnur Veðurstofu Íslands.

Trausti Jónsson (2008). Tíðarfarsyfirlit 2006 og 2007. Sótt 17. 11. 2008 af

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2006> og

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2007>.

Harpa Grímsdóttir, Helgi Mar Friðriksson og Jóhann Hannibalsson. 2008. *Tilraunir til að koma af stað snjóflóðum með sprengingum, fyrstu tveir vetur verkefnisins, 2006-2007 og 2007-2008*. Veðurstofa Íslands, greinarg. 08014.

Jökull Bergmann (2007. 22.1.). *Snjóflóð í Hlíðarfjalli. Drög að vinnuskýrslu*. Veðurstofa Íslands.

Snjóflóðavakt VÍ (2007.13.4.). *Snjógryfjur og snjóalög veturinn 2006–2007*. Sótt 3.11.2008 af [http://andvari.vedur.is/thj/serspar/snjoath/snjvakt/myndir/snjoflod\\_-adstaedur04\\_05/myndir\\_snjoflod\\_snjoalog04\\_05.htm](http://andvari.vedur.is/thj/serspar/snjoath/snjvakt/myndir/snjoflod_-adstaedur04_05/myndir_snjoflod_snjoalog04_05.htm).



## Viðauki. Snjóflóðaannáll vetrarins

Annállinn inniheldur öll flóð sem voru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar veturinn 2006–2007. Listinn inniheldur ekki nema hluta flóða sem fallið hafa á vegakerfið því listinn er ekki samkeyrður við gagnagrunn Vegagerðarinnar. Hinsvegar mæla snjóathugunarmenn Veðurstofunnar oft flóð sem falla á vegi í nágrenni við byggð. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnagrunninum og eru þær útskýrðar nánar hér.

**Farvegur:** Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi.

**Dagsetning:** Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

**Númer:** Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

**Tegund:** S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa endinguna „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

**Stærð:** Snjóflóð eru flokkuð í stærðir eftir kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

**Lengd/breidd/ dýpi:** Lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhaus og gefið upp í metrum).



Skráð ofanflóð veturinn 2006/2007

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ staerð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
<b>Reykjavík og nærsveitir</b>					
Þverfellshorn	7.1.2007	9821	F/2	-/12/0.6	Þrír menn lentu í snjóflóði við Þverfellshorn á Esju. Mennirnir bárust um 50 metra með flóðinu áður en þeir stöðvuðust á yfirborði flóðsins. Tveir mannana hlutu lítilsháttar meiðsli en komust af sjálfsdáðun niður af fjallinu.
Bláfjöll og nágrenni	4.3.2007	993	S		Snjóflóð féllu á Bláfjallasvæðinu og var hluta skíðasvæðisins lokað mánudaginn 5. mars vegna snjóflóðahættu.
Bláfjöll og nágrenni	3.2007	1392	S		Snjóflóð féll norðan Draumdalagils í Bláfjöllum.
<b>Patreksfjörður</b>					
Klif	12.11.2006	7037	Fv/1.5	30/15/0.3	Lítið flóð sem átti upptök við klett í um 100 m hæð í hlíðinni ofan við bæinn.
Klif	12.11.2006	7038	Fv/2	80/35/0.4	Lítið flóð sem átti upptök í um 100 m hæð í hlíðinni ofan við bæinn.
Vatneyri	12.11.2006	7036	S/3		Lítið snjóflóð féll ofan við varnargarðinn á Patreksfirði og stöðvaðist um 100 metra ofan við garðinn.
Patreksfjörður	10.12.2006	7098	Fv/2.5		Snjóflóð féll ofan við höfnina á Patreksfirði.
Vatneyri	10.3.2007	7040	S	-/13/-	Úr skálinni ofan við höfnina féllu þrjár spýjur sem stöðvuðust hver á annarri í sama farinu og mynduðu um 100 m langa og 13 m breiða tungu. Neðsti hluti hennar stöðvaðist tæpa 200 m ofan Urðargötu.
<b>Tálknafjörður</b>					

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Tungufell	20.11.2006	8668	F/2	60/24/0.8	Lítið snjóflóð úr Tungufelli, ofan við megin byggðina á Tálknafirði.
<b>Arnarfjörður</b>					
Arnarfjörður	10–19.3.2007	206	S/4	1500/300/–	Myndarlegt snjóflóð féll í Grjóteyrardal. Flóðið flæddi umhverfis möstur Hrafnseyrarlínu og Breiðadalslínu án þess að valda tjóni.
Arnarfjörður	10–19.3.2007	207	S/3		Lítið snjóflóð féll í Grjóteyrardal.
Arnarfjörður norðanverður	2006–2007	30034	A		Aurskriða féll langt út á flata á Sléttanesi og fór að hluta í sjó fram.
<b>Dýrafjörður</b>					
Hrafnseyrarheiði, Dýrafjarðarmegin	10.11.2006	3350	S	–/10/–	Snjóflóð féll yfir veginn á Hrafnseyrarheiði og lokaði honum.
<b>Önundarfjörður</b>					
Breiðadalssstigi, nærri Neðri-Breiðadal	14–16.1.2007	5156	F/2.5	–/50/0.2	Lítið snjóflóð féll úr gili skammt utan Neðri-Breiðadals.
Selabólshlíð	20.1.2007	5645	F/4	–/240/0.8	Stórt snjóflóð féll úr Selabólshlíð, yfir veginn og fram í sjó.
Breiðadalshéiði	12.3.2007	3418	F/1.5	105/34/0.4	Snjóflóð var sprengt af stað í Kimminni ofan gamla vegarins um Breiðadalsskarð.
Breiðadalshéiði	12.3.2007	3419	F/2.5	230/60/0.5	Snjóflóð var sprengt af stað í Kimminni ofan gamla vegarins um Breiðadalsskarð.
Breiðadalur austanverður	14.3.2007	5161	F/3	–/50/–	Flóð féll úr Veðrárdal yfir veginn sem liggur inn Breiðadal.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
<b>Flateyri</b>					
Skollahvilft	nóv 2006	5151	S/3.5	-/100/1	Flóð úr Skollahvilft sem rann niður með þriðjungi af varnargarðinum ofan við Flateyri.
Ytra-Bæjargil	nóv 2006	5152	S/3.5		Tvö snjóflóð utan við Flateyri. Annað úr Ytra-Bæjargili og hitt utar í hlíðinni. Flóðin náðu niður undir háspennulínuna í brekkurótunum.
Litlahryggsgil	2.12.2006	5644	F	700/20/1	Vitni sá 20 metra breitt snjóflóð falla úr Litlahryggsgili. Flóðið stöðvaðist um 500 m frá fjárhliðinu á veginum inn til Flateyrar.
Ytra-Bæjargil	13.1.2007	5155	F/3	-/230/0.2	Snjóflóð féll úr Ytra Bæjargili og stöðvaðist í rúmlega 100 m hæð.
Eyrarfjall utanvert, utan Flateyrar	13.1.2007	5153	F/2.5	-/50/0.2	Snjóflóð féll úr hlíðinni utan við Ytra-Bæjargil, utan Flateyrar.
Eyrarfjall utanvert, utan Flateyrar	13.1.2007	5154	F/3	-/140/0.2	Snjóflóð féll úr gili utan við Ytra-Bæjargil utan Flateyrar.
Skollahvilft	19.2.2007	5157	F/3.5	-/140/0.7	Snjóflóð féll úr Skollahvilft og stöðvaðist skammt neðan gilkaftsins.
Skollahvilft	4.3.2007	5158	F/3	970/90/0.7	Lítið snjóflóð féll úr Skollahvilft.
Skollahvilft	7.3.2007	995	Fv		Lítið snjóflóð féll í Skollahvilft.
Fyrsta gil utan Ytra-Bæjargils	7.3.2007	5159	F/3.5	650/220/0.7	Snjóflóð féll úr fyrsta gili utan Ytra-Bæjargils.
Annað gil utan Ytra-Bæjargils	7.3.2007	5160	F/2.5	-/40/0.5	Snjóflóð féll úr öðru gili utan Ytra-Bæjargils.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
<b>Súgandafjörður</b>					
Súgandafjörður	19.12.2006	7102	Fv/2	-/-/1	Snjóflóð féll í Súgandafirði um 1 km fyrir innan bæinn Botn.
Súgandafjörður	7.3.2007	9856	F/3	-/170/-	Snjóflóð féll úr norðurhlíðum Súgandafjarðar, um 700 m innan við Gilsbrekku og fór út í sjó.
Súgandafjörður	7.3.2007	9855	F/3.5	-/440/-	Snjóflóð féll úr norðurhlíð Súgandafjarðar, um 500 m innan við Gilsbrekku, og fór út í sjó.
Súgandafjörður	7.3.2007	9854	F/4.5	-/440/-	Snjóflóð féll úr Innra-Áreiðargili utan við Gilsbrekkudal við norðanverðan Súgandafjörð. Flóðið olli sjávarflóðbylgju sem gekk um tvo metra á land handan fjarðarins.
Súgandafjörður	9.3.2007	9857	F/4.5	720/450/2	Stórt snjóflóð féll við gangamunnann í Súgandafirði. Hluti af flóðinu hrúgaðist upp að vegskálanum, hluti féll niður eftir dalnum, upp að veginum og út á hann á kafla.
<b>Bolungarvík, utan þéttbýlis</b>					
Heiðnafjall	12.11.2006	8185	S/2	-/10/-	Mjó snjóflóðatunga kom úr gili innanlega í Heiðnafjalli.
Hesthúsagil	13-15.11.2006	8184	S		Snjóflóð úr Hesthúsagili sem náði rétt niður á hrygginn neðan við gilið og dreifði úr sér þar.
Heiðnafjall	~10.12.2006	8189	F/3	660/90/0.7	Snjóflóð féll úr Bogahlíð innst í Syðridal.
Hádegisfjall	~10.12.2006	8188	F/3	950/100/0.7	Snjóflóð féll úr Hádegisfjalli.
Óshyrna	~10.12.2006	8187	F/3	-/100/0.7	Snjóflóð féll úr Bæjargili milli Ós bæjanna í Syðridal.
Heiðnafjall	12.1.2007	8193	F/3.5	730/350/0.5	Snjóflóð féll úr Bogahlíð í Heiðnafjalli í Syðridal.
Ernir	13.1.2007	8194	F/2		Þrjár spýjur féllu í Hólsskriðu gegnt Bolungarvík.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Heiðnafjall	13.1.2007	8192	F/3.5	850/135/0.6	Óvenju stórt snjóflóð féll úr Núpsskál í Heiðnafjalli í Syðridal.
Mærðarhorn	12–14.1.2007	8201	F		Snjóflóð féll úr Mærðarhorni, fyrir miðju fjalli.
Mærðarhorn	12–14.1.2007	8200	F		Snjóflóð féll úr Mærðarhorni við Víðifossa.
Hádegisfjall	13.1.2007	8196	F/3	850/40/–	Snjóflóð féll úr 2. gili utan Mærðarhvilftar í Hádegisfjalli.
Hádegisfjall	13.1.2007	8195	F/3.5	900/150/0.7	Snjóflóð féll niður tvö gil í Hádegisfjalli, en eitt brotstál var ofan við gilin.
Syðridalur	13.1.2007	8191	F/3	800/40/0.8	Snjóflóð féll úr næsta gili innan við Leyningsgil og stöðvaðist í um 50 m hæð.
Ernir	18.1.2007	8198	F/2	–/30/–	Snjóflóð féll úr Leynigili í Erni og stöðvaðist skammt ofan við háspennulínu.
Hádegisfjall	18.1.2007	8197	F/3.5	750/160/0.7	Snjóflóð féll úr Hádegisfjalli, fyrsta gili utan Mærðarhvilftar.
Ernir	19–21.1.2007	8199	Fv/3	520/80/–	Snjóflóð féll úr Tyrkjagili.
Heiðnafjall	6.3.2007	8203	F/3.5	–/300/0.6	300 m breitt snjóflóð féll úr Heiðnafjalli til móts við Reiðhjallavirkjun.
Hádegisfjall	6.3.2007	8202	F/3.5	1300/100/0.5	Snjóflóð féll úr öxl Mærðarhvilftar og fór um 75 m út á ísilagt Syðridalsvatn.
Ernir - norðan Hesthúsagils	7.3.2007	8207	F/1.5	370/27/0.4	Lítið snjóflóð féll úr næsta gili utan við Hesthúsagil.
Bolafjall	7.3.2007	8206	F/3	250/195/0.7	Snjóþíll kom af stað snjóflóði á milli sneiðinga í veginum upp að ratsjárstöð á Bolafjalli.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Syðridalur	10.3.2007	8205	F/5	1000/2200/0.8	Stórt snjóflóð féll úr allri hlíðinni frá og með Miðdagsskál út að lækjarfarvegum utan Hrossahjalla. Jeppamenn á ferð sáu flóðið og náðu myndbandsupptöku af því.
Tungudalur	11.3.2007	8211	F/3	670/50/1.3	Þykkt snjóflóð féll Tungudalsmegin úr Erni.
Tungudalur	11.3.2007	8213	F/4	-/1200/1	Snjóflóð féll allan hringinn úr Grijótskál, Tungudalsmegin í Erni.
Tungudalur	11.3.2007	8212	F/3	590/150/0.6	Snjóflóð féll úr Erni, Tungudalsmegin.
Hádegisfjall	11.3.2007	8208	F/3.5	1030/190/0.8	Snjóflóð féll niður tvö gil í Hádegisfjalli.
Hádegisfjall	11.3.2007	8209	F/3.5	1030/145/0.6	Snjóflóð féll úr innsta gili í Hádegisfjalli í Syðridal og stöðvaðist neðst á aurkeilunni.
Mærðarhorn	11.3.2007	8210	F/4	750/345/7	Stórt snjóflóð féll úr allri hlíð Mærðarhorns sem snýr að Syðridalsvatni.
Hádegisfjall	12.3.2007	8204	F/2.5	-/60/0.5	Snjóflóð féll úr fyrsta gili utan Mærðarhvilftar.
Ernir - norðan Hesthúsagils	11-15.3.2007	8215	F/1	-/12/0.4	Spyja féll ofan við Egilsbúð úr gili utan við Hesthúsagil.
Óshlíð	13.3.2007	8214	F		Snjóflóð féll í Seljadal inn af Óshlíð, í hlíð Arafjalls.
Skálavík	15-19.3.2007	8219	F/3.5	-/140/1	Þykkt snjóflóð féll úr Breiðabólsgili ofan við Breiðaból í Skálavík.
Tungudalur	15-18.3.2007	8218	F/3.5	640/380/0.7	Snjóflóð féll úr sléttri hlíð Tungudalsmegin í Erni og ofan í árfarveg.
Tungudalur	16-18.3.2007	8217	F/3.5	-/450/0.7	Snjóflóð féll úr Tunguhorni í Tungudal og fór niður yfir lækjarfarveg.
Heiðnafjall	18.3.2007	8216	F/4	950/200/1	Stórt snjóflóð féll úr Núpsskál í Heiðnafjalli. Það bar með sér stórgrýti inn á ræktarland.



Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ staerð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Heiðnafjall	20.3.2007	8220	F/3.5	485/190/0.8	Snjóflóð féll úr Heiðnafjalli í Syðridal, rétt innan við Núpsskál.
Heiðnafjall	20.3.2007	8223	S/3	550/65/0.8	Snjóflóð féll úr Heiðnafjalli.
Heiðnafjall	20.3.2007	8222	F/2.5	400/45/0.8	Snjóflóð féll úr Heiðnafjalli.
Heiðnafjall	20.3.2007	8221	F/3	-/65/0.7	Snjóflóð féll úr Heiðnafjalli.
Ernir	21.3.2007	8225	F/2.5	455/50/0.5	Snjóflóð féll úr næsta gili innan Hesthúsagils.
Óshyma	21.3.2007	8224	F		Snjóflóð féll í Óshvilft og stöðvaðist í botni hvílfarinnar. Brotstál var allan hringinn.
Ernir	22.3.2007	8227	F/2.5	260/40/0.5	Snjóflóð féll úr Hólsskriðu.
Ernir	22.3.2007	8226	F/2.5	-/80/0.5	Snjóflóð féll úr Tyrkjagili.
Ernir	23.3.2007	8228	F/2	-/35/0.5	Snjóflóð féll úr Hólsskriðu.
Hádegisfjall	31.3.2007	8229	Fv/2		Lífið, blautt snjóflóð kom úr Hádegisfjalli.
<b>Hnífsdalur</b>					
Bakkahyma	13.1.2007	3362	F/3	-/70/0.3	Snjóflóð féll úr gili í Bakkahymu innan við byggðina, utan Bakkaskriðugils.
Bakkahyma	13.1.2007	3361	F/2.5	-/38/0.3	Snjóflóð féll úr gili í Bakkahymu innan við byggðina í Hnífsdal, utan við Bakkaskriðugil.
Bakkaskriðugil	13.1.2007	3363	F/3	-/90/0.35	Snjóflóð féll úr Bakkaskriðugili og stöðvaðist í 38 m hæð.
Hnífsdalsbotn	13.1.2007	3364	F/2.5	-/55/0.2	Snjóflóð féll rétt innan við Lambaskál innan byggðarinnar í Hnífsdal.
Hnífsdalsbotn	22.1.2007	3380	Fv/2	-/170/0.1	Snjóflóð féll úr næsta gili utan Lambaskálar í Hnífsdal.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ staerð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Annað gil innan Hraungils neðan Hrafnakletta	22.1.2007	3379	Fv/2	-/60/0.1	Snjóflóð féll úr öðru gili innan Hraungils, neðan Hrafnakletta.
